

## **Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir.**

Nú þegar skólaárinu lýkur er hollt að staldra við og líta yfir farinn veg. Það hefur verið kraftur yfir skólastarfinu nú sem endranær og við aðlögumst smám saman nýju þriggja ára kerfi.

Hér verður aðeins tæpt á örfáum atriðum annars viðburðamikils skólaárs en fyrir þá sem hafa áhuga á að vita meira er um að gera nýta sér samfélagsmiðla og heimasíðu skólans.

**Skólinn var settur 24. ágúst og reglulegum námsmatstíma lauk þann 19 maí.**

**Nemendur við upphaf haustannar voru 154, 74 piltar og 80 stúlkur. 54 í 1. bekk, í 2. bekk 49, í þeim þriðja, 23 og í fjórða bekk 28.**

**Á þessu vori gengust 145 nemendur undir námsmat. Í dag eru brautskráðir 28 stúdentar, 14 af félagsfræðabraut og 14 af náttúrufræðabraut.**

Nemendur skólans snertu á ýmsu öðru en bara námsbókum, eins og vera ber.

Í október tóku nemendur þátt í svokölluðum skuggakosningum þar sem markmiðið var að auka kosningaþátttöku ungs fólks. Hér í ML var vel að verki staðið og buðu nemendur í stjórn málafræði fulltrúum frá öllum stjórn málaflokkum til alþingiskosninga í pallborðsumræður á matsal skólans. Þáttaka var mjög góð.

Fastir liðir voru auðvitað á sínum stað. Það komu margir gestir í heimsókn með fyrirlestra og fræðslu af ýmsu tagi. Listamenn frá Gullskistunni litu við. Á vegum foreldrafélagsins kom fyrirlesari sem fjallaði um líf sitt með leshömlun og ofvirkni. Kynningardagur var á sínum stað og einnig söngkeppni og aðrar keppnir á vettvangi framhaldsskóla.

Það er gaman að segja frá því að lið frá ML tók þátt í Boxinu, framkvæmdakeppni framhaldsskólanna. Keppnin felst í því að leysa fjölbreyttar þrautir sem reyna á verklega og bóklega þekkingu, hugvit og verklag þátttakenda. Lið ML endaði í fjórða sæti er verður að teljast frábær árangur þar sem skólinn var nú í fyrsta sinn með lið í úrslitakeppninni sem var sjónvarpað.

Nemendur í þýsku stóðu sig með mikilli þrýði í stuttmyndakeppni á vegum félags þýzkukennara nú á vorönn þar sem þeir lentu í fyrsta og öðru sæti.

Fjöl margar náms- og kynnisferðir voru farnar á vegum skólans, á Njáluslóðir og Gljúfrastein, jarðfræðiferð um næsta nágrenni, skoðunarferð á Reykjanes, stjórn málafræðiferð í alþingishúsið og heimsókn á Bessastaði og svo mætti

lengi telja. Útivistin nýtur vinsælda á meðal nemenda og langflestir velja hana sem valgrein. Þar er róíð á kanó, farið göngu-og tjaldútilegur, ísklifur- og hellaferðir og í haust fóru nýnemar í Þórsmerkurferð og í janúar í skíða- og skautuferð til Akureyrar. Í umhverfisfræðinni kynntu nemendur sér starfsemi Sorpu. Nemdenur 4F fóru á málþing sem haldið var fyrir nemendur í kynjafræði við framhaldsskóla landsins. Inger Erla Thomsen fyrrverandi stallari Mímis var ein af sex nemendum í pallborði þar. En hér í ML er kynjafræði skylduáfangi á báðum brautum.

Nemendur í lokaáfangi í frönsku og þýsku brugðu sér til Parísar og Berlínar í september með leiðsögn frönsku- og þýskukennara.

Rúmlega helmingur nemenda var í kór skólans í vetur. Hann hélt jólatónleika í Skálholti í desember og í maí var farið í tónleikaferð. Fyrstu tónleikarnir voru haldnir á Flúðum, svo var haldið í Borgarfjörðinn með tónleikum í Reykholti og ferðinni lauk með tónleikum í Guðríðarkirkju í Grafarholti. Stjórnandi sem fyrr er Eyrún Jónasdóttir.

Sigrún Birna Pétursdóttir Einarsson frá Vörðuholti í Ásahreppi var kjörin stallari við stjórnarskiptin í febrúar.

Dagamunur, Dollinn og Árshátíðin voru á sínum stað í mars. Þetta árið sýndu nemendur söngleikinn „Konungur ljónanna“ í leiksjórn Guðjóns Sigvaldasonar en Inger Erla Thomsen var honum til aðstoðar. Tæplega 40 nemendur stóðu að uppsetningunni sem var hin glæsilegasta í alla staði. Eftir frumsýningu í Aratungu var verkið sýnt sjö sinnum víða um Suðurland og á höfuðborgarsvæðinu.

4. bekkur stóð fyrir heldur óhefðbundinni fjáröflun fyrir útskriftarferð til Taílands þar sem þau drógu skólameistara í hestavagni um 60 km leið, svokallaðan uppveitahring og söfnuðu um leið áheitum. Þetta uppátæki þeirra vakti töluverða athygli og vonandi eiga þau nú dágóðan ferðasjóð.

Dimissio var 12. maí, þar sem hefðum var fylgt út í æsar.

**Þá lítið eitt um starfsmenn skólans en við upphaf haustannar voru þeir 41, þar af 21 við kennslu og stjórnun.**

Skólinn fékk í haust í haust úthlutað styrk úr samfélagssjóði Landsvirkjunar til eflingar á verklegiri kennslu í eðlisfræði og nú í vor fengu stærðfræðikennarar styrk úr sprotasjóði til að innleiða leiðsagnarmat í öllum stærðfræðiáföngum sem kenndir verða næsta haust.

Í janúar fór fjögurra manna hópur úr ML til London á tölvutækniþinguna Bett í London.

Páll Magnús Skúlason hefur nú sagt skilið við aðstoðarskólameistara hutverkið og snúið sér alfarið að því að koma upp heillegu, veflægu safni ljósmynda frá þeim tíma sem skólinn hefur starfað. Þetta er verðugt verkefni og munu ML-ingar geta leitað uppi myndir frá tilteknum árum inni á vefsvæði [nemel.ml.is](http://nemel.ml.is) og rifjað upp það æviskeið sem mótaði þá einna mest. Páll lætur formlega af stöfum nú í vor og þakka ég honum kærlega samstarfið á liðnum árum.

Vinna við innleiðingu þriggja ára náms til stúdentsprófs heldur áfram og nú í vetur unnu kennarar í samvinnu við nemendur að hugmyndum að valgreinum þriðja ársins í nýju kerfi. Valið fór svo fram í tveimur umferðum, eins og í frönsku forsetakosningunum, þar sem að í þeirri síðari voru aðeins áfangar sem flestir völdu í fyrri umferðinni.

Starfsmenn brugðu sér í upplýsandi og uppbyggilega ferð til að kynna sér starfsemi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og Menntaskólans í Borgarnesi.

Þá erum við í Menntaskólanum að Laugarvatni afar stolt af því að hafa nýverið hlotið nafnbótina „fyrirmyndarstofnun 2017“ á uppskeruhátíð SFR / Stofnana bæja og borga / Stofnana ríkisins. Erum í 5. sæti í flokki meðalstórra stofnana.

Ágætu verðandi nýstúdentar.

Þessi dagur markar tímamót, bæði í lífi ykkar og í starfi Menntaskólans að Laugarvatni. Við kveðjum ykkur og þið haldið á vit nýrra ævintýra. Þið farið héðan í dag með ýmislegt í farteskinu, hér hafi þið tekið út þroska, eflst að þekkingu og færni með náminu. Með heimavistardvölinni hafið þið lært margt sem að jafnaðrar ykkar fara á mis við. Hér hafið þið lært hvað það er að vera hluti af samfélagi, að taka tillit til annarra og skilja aðsæður og viðhorf þeirra, ekki síður en ykkar eigin.

Þetta er gott veganesti út í lífið, þið þurfið að vísu að elda ofan í ykkur sjálf og þvo af ykkur fötin. En ég hef trú á ykkur. Ferðist og skoðið heiminn, haldið áfram að læra tungumál og njótið lista. Það víkkar sjóndeildarhringinn. Verið þið sjálf og vandið ykkur í hverju því sem þið takið ykkur fyrir hendur.

Munið svo að kíkja við og leyfa okkur að heyra af ykkur.

Gangi ykkur allt í haginn og kærar þakkir fyrir samveruna!